

REGLUGERÐ

um (18.) breytingu á reglugerð nr. 888/2015 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH).

1. gr.

Við 1. gr. reglugerðarinnar bætast þrjár nýir töluliðir, svohljóðandi:

- 75) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1297 frá 4. ágúst 2021 um breytingu á XVII. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 viðvíkjandi perflúorókarboxýlsýru sem inniheldur 9 til 14 kolefnisatóm í keðjunni (C9–C14 PFCA), söltum hennar og skyldum efnum, sem vísað er til í tölulið 12zc, XV. kafla, II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 336/2021 frá 10. desember 2021. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 10 frá 17. febrúar 2022, bls. 736-740.
- 76) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/876 frá 31. maí 2021 um reglur um beitingu reglugerðar (EB) nr. 1907/2006 að því er varðar umsóknir um leyfi og endurskoðunarskýrslur varðandi notkun efna við framleiðslu á varahlutum í vörur á útleið og til viðgerða á hlutum og samsettum framleiðsluvörum, sem eru ekki framleidd lengur, og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 340/2008, sem vísað er til í tölulið 12zcb, XV. kafla, II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 337/2021 frá 10. desember 2021. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 10 frá 17. febrúar 2022, bls. 741-748.
- 77) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2045 frá 23. nóvember 2021 um breytingu á XIV. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), sem vísað er til í tölulið 12zc, XV. kafla, II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 122/2022 frá 29. apríl 2022. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 34 frá 25. maí 2022, bls. 574-578.

2. gr.

Reglugerðin er sett til innleiðingar á eftirtöldum EES-gerðum:

1. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1297 frá 4. ágúst 2021 um breytingu á XVII. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 viðvíkjandi perflúorókarboxýlsýru sem inniheldur 9 til 14 kolefnisatóm í keðjunni (C9–C14 PFCA), söltum hennar og skyldum efnum.
2. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/876 frá 31. maí 2021 um reglur um beitingu reglugerðar (EB) nr. 1907/2006 að því er varðar umsóknir um leyfi og endurskoðunarskýrslur varðandi notkun efna við framleiðslu á varahlutum í vörur á útleið og til viðgerða á hlutum og samsettum framleiðsluvörum, sem eru ekki framleidd lengur, og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 340/2008.
3. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2045 frá 23. nóvember 2021 um breytingu á XIV. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)).

3. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 1. tölul. 1. mgr. 11. gr. efnalaga nr. 61/2013. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu, 30. maí 2022.

Guðlaugur Þór Þórðarson.

Sigríður Auður Arnardóttir.